



ÁRSSKÝRSLA 2019

Jákvæðni Fagmennska Traust Virðing



SAMVINNA UM ÖRUGGAR SAMGÖNGUR

Samkvæmt lögum ber Samgöngustofu að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Öryggi fólks á ferðinni er lykilmarkmið og tilgangur þeirra verkefna sem stofnunin annast.


Starfsemi Samgöngustofu er fjölbreytt og felst í margs konar í þjónustu við almenning og atvinnulíf. Stofnunin sinnir eftirliti með starfsleyfisskyldum aðilum, skráningu farartækja, undirbúning laga og reglna, gerð öryggisáætlana, greiningu atvika og fræðslumál, svo nokkuð sé nefnt.

Ríkjandi sátt er um mikilvægi öryggis í samgöngum enda felur það í sér hagsmuni allra. Með því að margar hendur vinna létt verk verður gagnkvæmur árangur samvinnu sífellt ljósari. Því hefur á undanförunum árum verið lögð aukin áhersla hjá Samgöngustofu á samstarf milli aðila,

hvort sem þeir teljast til almennings, félagasamtaka, atvinnulífs eða annarra stofnana.

Samvinna á alþjóðavísu hefur einnig reynst heilladrjúg til að læra af öðrum þjóðum og innleiða góðar nýjungar. Ekki þó síður til að miðla því sem vel hefur gengið hér á Íslandi og hafa þannig áhrif til góðs út á við. Þar má nefna þann einstaka árangur sem Íslendingar hafa náð í fækkun banaslysa á sjó á síðustu áratugum.

Gagnleg verkfæri í þeirri vegferð að vernda mannlíf og auka þau lífsgæði sem felast í góðum samgöngum eru einnig ofarlega á baugi. Nýjungar í tækni og þróun nútímalegra aðferða er meðal þess sem mun áfram efla þá samfélagsþjónustu sem Samgöngustofa veitir.



SKIPULAGIÐ

Samgöngustofa er stjórnáslustofnun samgöngumála í samræmi við lög nr. 119/2012 og heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ráðherra skipar forstjóra sem ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar.

Í árslok 2019 voru í skipuriti Samgöngustofu fimm svið auk þriggja eininga sem einnig heyrðu beint undir forstjóra.

Farsvið annast leyfisveitingar, skírteini einstaklinga í flugi og siglingum, ökunám, tæknimál, skráningu farartækja og öryggis-eftirlit með leyfishöfum.

Mannvirkja- og leiðsögusvið ber ábyrgð á verndarmálum í siglingum og flugi, flugleiðsögu og leiðsögu á sjó, skipulagi loft-rýmisins, málefnum samgöngumannvirkja á Íslandi og eftirliti með höfnum.

Rekstrarsvið annast fjármálastjórn og bókhald, skjalastjórn, upplýsingatækni og skrár auk reksturs NorType, samnorræns gagnagrunns um tækniupplýsingar okutækja.

Samhæfingarsvið sér um stjórnáslu, samræmingu alþjóðlegra samskipta, samgönguáætlun, samgönguvirkt, neytendamál, öryggis- og fræðslumál og rannsóknir og þróun.

Þjónustusvið tekur á móti viðskiptavinum og annast ýmsar skráningar, m.a. í farartækjaskrár. Annast rekstur húsnæðis, mötuneytis og bifreiða stofnunarinnar.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á því sem viðkemur mannaúsmálum stofnunarinnar, launamálum og ferðabókunum fyrir starfsfólk.

Gæðastjóri ber ábyrgð á því að gæðakerfi stofnunarinnar sé í samræmi við þarfir hennar og meginmarkmið.

Samskiptastjóri ber ábyrgð á samskiptum við fjölmiðla, vefsíðu stofnunarinnar og samræmi innri og ytri upplýsingamála.

Ársverk ársins 2019 voru rúmlega 149 talsins og var starfsfólk í árslok alls 154, samtals 66 konur (43%) og 88 karlar (57%).




ÖRYGGISÁÆTLANIR

Öryggisáætlanir fyrir flug, umferð og siglingar miða að því að efla öryggi og viðhalda árangri.

Flugöryggisáætlun er kerfislýsing á reglubundnu flugöryggisstarfi Samgöngustofu og verkefnaáætlun sem uppfærð er árlega.

Samgöngustofa innleiðir alþjóðlegar reglur, skráir flugatvik í samevrópskan gagnagrunn, greinir flugatvik og miðlar fræðslu. Flugrekendum, starfsleyfishöfum flugleiðsögu og skírteinishöfum ber að tilkynna öll flugatvik og flugslys sem vera í flugi eða flugleiðsögu.

Tilgangurinn með skráningunni er að komast að því hvers konar atvik eða slys eiga sér stað og hver vettvangurinn og aðstæður eru svo hægt sé að stuðla að því að sambærileg slys eða atvik endurtaki sig ekki. Slys í flugi eru mjög fátíð en skráningarskyld flugatvik, sem hægt er að læra af, nokkuð mörg. Árið 2019 urðu átta flugslys. Alvarleg flugatvik voru 15 talsins.



Í **umferðaröryggisáætlun** er nú að finna nýja gerð markmiða og mælikvarða, þ.e. hegðunarmarkmið og ástandsvísar. Þar eru sett markmið um að bæta þá hegðun sem stuðlar hvað mest að slysum í umferð, þ.á.m. hraðakstur, ölvunarakstur, beltanotkun og farsímanotkun undir stýri. Með því að bæta hegðunina batnar umferðar-

menningin jafnframt því sem slysum fækkar. Á árinu 2019 framleiddi Samgöngustofa og birti auglýsingar og fræðsluefni sem hvöttu á margvíslegan hátt til ábyrgðar hegðunar. Samið var við tvö sveitarfélög um samstarf þeirra skóla við umferðarfræðslu, en slík fræðsla hefur lengi verið mikilvægur hornsteinn í uppeldi nýrra vegfarenda.

	Markmið 2019	Rauntölur 2019	Niðurstaða 2019
Látnum og alvarlega slösuðum fækki árlega um 5%.	181	188	+4%
a. Engin börn, 14 ára og yngri, látist í umferðinni.	1,2	0	-100%
b. Ekki verði banaslys sem rekja má til vanrækslu á notkun öryggisbelta.	4,0	2	-50%
c. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna ölvunar- og fíkniefnaaksturs fækki árlega um 5%.	11	7	-35%
d. Ungum öikumönnum, 17–20 ára, sem eiga aðild að alvarlegum slysum og banaslysum fækki árlega um 5%.	25	16	-35%
e. Alvarlega slösuðum og látnum á bifhjóli fækki árlega um 5%.	19	21	+10%
f. Alvarlega slösuðum og látnum gangandi vegfarendum fækki árlega um 5%.	24	21	-13%
g. Alvarlega slösuðum og látnum hjólandi vegfarendum fækki árlega um 5%.	31	30	-3%
h. Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ríkisborgurum búsettum á Íslandi fækki árlega um 5%.	15	20	+37%
i. Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ferðamönnum á hverja 100.000 erlenda ferðamenn fækki árlega um 5%.	2,23	2,27	+1%
j. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna útafaksturs fækki árlega um 5%.	38	37	-3%
k. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna framanákeysla fækki árlega um 5%.	14	10	-27%

Myndin sýnir stöðu markmiða árið 2019.

Yfirmarkmið umferðaröryggisáætlunar til ársins 2033

1. Að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa árin 2019-2033. Á myndinni hér að ofan má sjá meðaltalsstöðu árána 2014-2018.

2. Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2033.


Síðara markmiðinu til stuðnings hafa verið sett undirmarkmið sem gera kleift að fylgjast nánar með þróuninni, sjá hvað gengur vel og hvar úrbóta er þörf. Ný gerð markmiða og mælikvarða snúa að því að bæta þá hegðun sem stuðlar hvað mest að slysum í umferð.

Marmið **áætlunar um öryggi sjófarenda** er m.a. að treysta öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni snúa að menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis, söfnun og miðlun upplýsinga, þátttöku í gerð gæða- og öryggiskrafna um borð auk rannsóknaverkefna.


Á árinu voru gerðar fræðslumyndir og birtar auglýsingar. Lokið var við gerð öryggishandbókar fyrir fiskiskip og samhliða innleitt rafrænt öryggisstjórnunarkerfi fyrir fiskiskip

sem einnig er hægt að nýta fyrir önnur skip. Lokið var við gerð atvikaskráningarkerfis fyrir sjómenn þar sem þeir geta tilkynnt slys og óhöpp til sjós á netinu. Gerð var könnun um öryggi og hag sjómanna. Niðurstöður hennar, samanborið við sambærilega könnun fyrir fimm árum gefa m.a. vísbandingu um að öryggisvitun fari vaxandi.

Veittur var styrkur til tveggja verkefna. Annað varðar athugun á geðheilsu sjómanna en hitt á þróun á fjarstýrðum bát sem nýtist við björgun úr sjó.



Skráð atvik hjá RNSA 2009-2019



Eftirtektarverður árangur hefur náðst á undanförunum áratugum í slysavörnum sjófarenda. Engin dauðaslys urðu árin 2008, 2011, 2014 eða 2017-2019.



STJÓRNSÝSLA, EFTIRLIT OG ALÞJÓÐASTARF

Samgöngustofa fer með stjórnslu flugmála, siglingamála, hafna og sjóvarnamála, umferðar- og vegamála. Stofnunin annast eftirlit, þ.m.t. ýmsar mikilvægar úttektir á öryggismálum, vottanir og leyfisveitingar íslenskra fyrirtækja sem starfa á sviði samgangna.

Í starfseminni felast einnig samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi en alþjóðlegt eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta á stjórnslu í flug- og siglingamálum hefur bein áhrif á trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi.

Fyrirkomulag og þróun eftirlits er viðvarandi áskorun m.a. þar sem regluumhverfi og aðferðafræði breytist stöðugt. Samstarf við fyrirtæki og einstaklinga er mikilvægt til að vinna að auknu öryggi. Ávallt er haft að leiðarljósi að eftirlit, þjónusta og stjórnvaldsákvæðanir Samgöngustofu séu í samræmi við lög, reglur og vandaða stjórnsluhætti.

Í þeim stöku tilvikum þegar niðurstaða fagráðuneytis er á annan veg en ákvörðun stofnunarinnar eru verkefjar rýndir til að kanna hvað betur má fara. Á árinu 2019 voru 19 ákvarðanir kærðar til samgönguráðuneytisins. Flestar bíða niðurstöðu en þær ákvarðanir sem hafa verið endurskoðaðar og úrskurðað um af ráðuneytinu hafa verið staðfestar.

Þátttaka Samgöngustofu í alþjóðlegu samstarfi er grundvöllur ýmiss konar starfsemi á verkswiði stofnunarinnar svo Ísland standi jafnfætis viðmiðum annarra Evrópuþjóða. Í starfseminni felast samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi en alþjóðlegt eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta á stjórnslu í flug- og siglingamálum hefur bein áhrif á trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi.

Í umferðarmálum tekur Samgöngustofa m.a. þátt í samstarfsverkefnum á borð við EUCARIS og EReg og er aðili CIECA (Evrópusamtök prófunaraðila ökuþróa).

Úttekt þeirra á framkvæmd ökuþróa á Íslandi á árinu kom almennt vel út.

Í flugtengdri starfsemi er Samgöngustofa, fyrir hönd Íslands, aðili að Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og samtökum flugmálastjórna (ECAC) í Evrópu og tekur þátt í starfsemi þeim tengdum. Ísland á hlutdeild í rekstri norrænnar skrifstofu (Nordicao) hjá ICAO í Kanada.

Í siglingamálum er Samgöngustofa aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og einnig sá aðili sem uppfyllir skyldur Íslands vegna aðildar að Parísarsamkomulaginu (Paris MoU) um hafnarríkiseftirlit með erlendum skipum. Samgöngustofa tók á árinu þátt í vinnu tveggja vinnuhópa er varða Norðurskautsráðið, annars vegar PAME (Protection of the Arctic Marine Environment) og hins vegar EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response Working Group) en utanríkisráðuneytið fer formlega með verkefnisstjórn.

Samgöngustofa tekur þátt í reglubundnum stjórnarfundum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) og hefur áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Eurocontrol. Starfsemi Samgöngustofu er háð eftirliti hinna tveggja fyrrnefndu.

Erlendar eftirlitsstofnanir gerðu á árinu ýmsar úttektir á stjórnslu Samgöngustofu. EASA gerði tvær úttektir, með flugrekstri og flugleiðsögu. EMSA gerði úttekt á innleiðingu á tilskipun um skipsbúnað. IMO gerði víðtæka úttekt á allri siglingatengdri starfsemi á Íslandi, hjá þeim stofnunum sem starfa að einhverju leyti samkvæmt ákvæðum tiltekinna alþjóðasamþykta.



UMFERÐ

**Samgöngustofa annast stjórnýslu og stefnu-
mótun umferðar á vegum sem byggir að miklu
leyti á evrópskum reglugerðum þó einnig séu í
gildi séríslenskar reglur.**


Meðal verkefna er skráning ökutækja og umsýsla í tengslum við ökutæki, gerð þeirra og búnað. Stofnunin hefur eftirlit með starfsemi þeirra fyrirtækja sem sjá um skóðanir ökutækja og hafa gilt starfsleyfi. Hún annast útgáfu leyfa til leigubílstjóra, forfallafólks leigubílstjóra, hóp- og farmflutninga og leyfa til reksturs ökutækjaleiga.

Samþykkt voru ný umferðarlög sem taka gildi 1. janúar 2020 og má þar finna ýmsar breytingar, t.d. varðandi skráningar og skóðunarskyldu. Ný lög um ökutækjatrýggingar voru samþykkt og gerðar ýmsar breytingar á reglugerðum á sviði umferðar.

Samgöngustofa annast ökuþróf, veitir leyfi til starfrækslu ökuskóla og ökugerða og hefur umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu. Á árinu skiluðu 197 ökukennarar nemendum til ökuþrófs og fór kennsla þeirra fram á


vegum 20 ökuskóla og tveggja ökugerða. Alls luku 5.634 nemendur prófi til almennra ökuréttinda en um 11% stóðst ekki verklegt ökuþróf.

Fjöldi staðinna verklegra prófa til almennra ökuréttinda




Ökukennaranám fer fram við Endurmenntun Háskóla Íslands samkvæmt samningi við Samgöngustofu. Á árinu útskrifuðust 27 nýir ökukennarar með réttindi til að annast kennslu til almennra ökuréttinda.

Nýskráningar fólksbifreiða



Fjöldi ökutækja í ökutækjaleigu 1. júlí ár hvert




FLUG



Samgöngustofa sinnir stjórnýslu, heimilda-veitingum og eftirliti með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri, á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar.

Samgöngustofa annast skráningu loftfara, gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri og einstaklingum sem þurfa á starfsleyfum eða sérstökum heimildum að halda til að stunda rekstur og veita þjónustu. Stofnunin hefur umsjón með framkvæmd flugprófa og gefur út skírteini fyrir m.a. flugmenn, flugumferðarstjóra og flugvirkja.

Fjöldi bóklega atvinnuflugmannsprófa



Fyrirtæki í flugtengdum rekstri eru fjölbreytt og auk flugfélaga, viðhaldsstöðva og flugskóla sinnir Samgöngustofa heimildarveitingum og eftirliti á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar.

Samgöngustofa hefur hlutverk um eftirlit með framkvæmd flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi og fer með skipu-


lag loftrýmisins en Ísland sinnir mun stærra loftrými en sem nemur lofthelgi landsins. Ný reglugerð um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim tók gildi á árinu. Áfram var unnið að frammi-stöðuáætlun Íslands í samræmi við grunnkröfur um hið samevróska loftrými.

Samgöngustofa vottar og hefur eftirlit með flugvöllum og rekstraraðilum þeirra. Eftirlitið byggir á viðurkenndri aðferðafræði þar sem byggt er á áhættumiðuðu eftirliti, aðallega í formi úttekta á innviðum, búnaði, starfrækslu og skipulagsheildum sem starfrækja flugvöllina.

Sérstök fræðsla hefur verið unnin fyrir notendur um ábyrgð við stjórnun og öryggismál fjarstýrðra loftfara (dróna). Alls 368 aðilar hafa skráð samtals 538 dróna til notkunar í atvinnuskyni

Breytingar á starfsemi íslenskra flugfélaga og tengd þjónusta birtast m.a. í breytingum á fjölda kvartana flugfarþega, en verulega dró úr þeim á árinu 2019.

Fjöldi kvartana flugfarþega






SIGLINGAR

Á sviði siglinga annast Samgöngustofa skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með skipaflota landsins. Gefur út skírteini fyrir einstaklinga og veitir heimildir til ýmis konar atvinnureksturs.

Stjórnsýsluverkefni sem Samgöngustofa annast á sviði siglinga grundvallast á íslenskum lögum um eftirlit, mælingar, skráningar, hafnir, sjóvarnir, vitamál og vaktstöð siglinga. Ákvæðin eru markaðar af erlendum kröfum og alþjóðlegu samstarfi.

Samgöngustofa annast útgáfu skírteina fyrir íslenska sjómenn, atvinnukafara og leiðsögumenn skipa og hafnsögumenn skipa og hefur umsjón með lögskráningu sjómanna.

Fjöldi útgefna atvinnuskírteina í siglingum



Aðalskipaskrá er haldin samkvæmt lögum um skráningu skipa en þar er m.a. að finna upplýsingar um skráningar-númer, umdæmisnúmer, kallmerki, heimahöfn, smíðastað, gerð, efni, afl vélar, véartegund auk annarra upplýsinga.

Samgöngustofa annast útgáfu skipsskírteina og leyfa fyrir farþegaflutninga, framkvæmd skoðunar á skipum sem eru óflokkuð og falla undir alþjóðasamninga eða Evróputilskipanir, hefur eftirlit með skoðunarstofum og flokkunarfélögum, annast skoðun erlendra farþega- og flutningaskipa, útgáfu ýmissa starfsleyfa fyrir starfsleyfis-skylda starfsemi eins og bátaleiga. Samgöngustofa sér um yfirferð og samþykkt teikninga, stöðugleikagagna vegna nýsmíða og breytinga á skipum.

Á árinu voru sett lög sem breyta skírteinum skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna úr 12 í 15 metra. Þá var gerð breyting á reglugerð um skipsbúnað þar sem listi um búnað var uppfærður í samræmi við ESB framkvæmda-gerð þess að lútandi. Jafnframt voru samþykkt lög sem lúta að vinnu ungmenna, heilbrigðiskröfum o.fl. fyrir fiskimenn aðra en réttindamenn til sjós.

Yfirlit um afkomu ársins 2019

Tekjur	2019	2018
Tekjufærsla fjárveitinga	1.303.800.000	1.276.500.000
Seld þjónusta	954.702.611	943.365.821
Vörusala	141.578.067	141.073.350
Framlög og ýmsar tekjur	34.503.711	36.923.267
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	16.326.843	11.249.869
Tekjur alls	2.450.911.232	2.409.112.307
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	1.891.320.921	1.791.204.754
Framlög og tilfærslur	500.000	700.000
Annar rekstrarkostnaður	642.100.088	748.498.945
Afskriftir	16.326.843	11.249.869
Gjöld alls	2.550.247.852	2.551.653.568
Afkoma fyrir fjármagnsliði	- 99.336.620	- 142.541.261
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	6.038.535	11.288.941
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	- 2.510.249	- 1.236.369
Samtals	3.528.286	10.052.572
Afkoma ársins	- 95.808.334	- 132.488.689

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Birt með fyrirvara um staðfestingu Ríkisendurskoðunar.

Efnahagsreikningur

31. desember 2019

Eignir	2019	2018
Fastafjármunir		
Áhöld, tæki og búnaður	39.822.438	38.243.640
Farartæki og vélar	22.222.906	25.435.856
Fastafjármunir alls	62.045.344	63.679.496
Veltufjármunir		
Birgðir	44.223.914	54.668.106
Viðskiptakröfur	269.860.594	330.133.927
Tengdir aðilar	1.319.674.935	1.442.960.370
Aðrar kröfur og fyrirframgr. kostnaður	16.823.345	21.022.804
Handbært fé	164.831.040	134.934.284
Veltufjármunir samtals	1.815.413.828	1.983.719.491
Eignir samtals	1.877.459.172	2.047.398.987
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	7.614.040	103.422.374
Bundið eigið fé	1.534.878.019	1.534.878.019
Eigið fé samtals	1.542.492.059	1.638.300.393
Skuldir		
Tengdir aðilar	7.105.500	0
Viðskiptaskuldir	38.041.339	129.260.564
Ýmsar skammtímaskuldir	203.928.162	214.781.818
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	85.892.112	65.056.212
Skuldir samtals	334.967.113	409.098.594
Eigið fé og skuldir samtals	1.877.459.172	2.047.398.987

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Birt með fyrirvara um staðfestingu Ríkisendurskoðunar.

Flestar myndir tók Sigfús Þór Sigmundsson